

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 09.01.2025

Verkefnaráð	1
Samþætting Torgsins - Ósk um fjármagn	3
Microsoft 365 – Kynning vörustjóra	4

Verkefnaráðsfundur 09.01.2025

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2024 - Kynningar
Dagsetning 09.01.2024	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Jörgen Sandholt, Ólafur Sólimann Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Þröstur Sigurðsson, Hallgrímur Andri Jóhannsson og Sigrún Lára Sverrisdóttir	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Harpa Atladóttir/Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Mánudagur 12. desember 2024, kl. 09:30 – 10:30 – 6. hæð vestur, Þveráarkot, Borgartún 12-14

09:30–09:35 Samstilling

09:35–09:55 Samþætting Torgsins: Hallgrímur Andri

09:55–10:00 Umræður

10:00–10:20 Microsoft 365: Sigrún Lára

10:20–10:30 Umræður

10:30 Fundi slitið

Samþætting Torgsins - Ósk um fjármagn

Fræðslukerfið Torgið hjá Reykjavíkurborg (Eloomi) er í dag samþætt við mannauðs og aðgangsstýringarkerfi borgarinnar (SAP og AD) í núverandi útgáfu. Þessi útgáfa er nú hætt í framþróun og hefur Reykjavíkurborg boðist uppfærsla á kerfinu í nýja útgáfu án breytinga á leyfakostnaði. Kemur það til vegna útboðs þar sem fyrri útgáfa uppfyllir ekki allar lágmarkskröfur.

Í verkefninu felst að breyta samþættingu á milli kerfa til þess að geta uppfært Torgið í nýja útgáfu.

Óskað er eftir fjármagni til þess að innleiða nýja útgáfu af Torginu.

Verkefninu miðar vel, en einhverjar kröfur úr útboði Torgsins eru enn útistandandi.

Búið er að gera:

- Viðtökuprófanir: Samþykkja og staðfesta kröfur miðað við virkni.
- Verið er að þróa virkni á móti kröfum sem upp á vantar.
- Viðaukasamning við Eloomi varðandi öll frávík á kröfum í útboði og á ný útgáfa (Infinite) að leysa útistandandi kröfur.

Væntur ávinningur/ábati:

Ómælanlegur ábati

- Með uppfærslunni verður lágmarkskröfum útboðs mætt.
- Mikilvægt að geta haldið áfram framþróun og stuðning við Torgið.

Mælanlegur ábati

- Reykjavíkurborg býðst að fara frítt inn í nýja útgáfu af Eloomi og ekki verða rukkuð umfram leyfisgjöld fyrir uppfærsluna. Innifalið í nýju uppfærslunni er meðal annars: Ferlavél, samfélagsvirkni, aukin og dýpri greiningar fyrir stjórnendur og starfsfólk, starfsmannasamtöl og uppsetning þeirra og app.

Tímarammi: 3 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 8.970.000kr.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Óskað er eftir 6.000.000 kr. vegna samþættingar miðað við tímaáætlun Advania.
- Óskað er eftir verkefnastjóra í þrjá mánuði til að leiða samþættingu og yfirfærslu á efni frá fyrri útgáfu í þá nýju
 - Best væri ef verkefnastjóri hefði áður komið að verkefnastýringu Torgsins.

Næstu skref:

- Áframhaldandi viðtökuprófanir.
- Fundur með hagsmunaaðilum þar sem starfsmenn Eloomi munu fara betur yfir yfirfærsluna og Advania mun uppfæra tímaáætlun miðað við breytta virkni í nýju útgáfunni.

Tegund verkefnis: Rekstrarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu: Verkefni ekki skorað í Fylki, er í vörustýringu.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefni sem þarf að vinna en ekki samþykkt í fjárfestingu. Verkefnið verður greitt af rekstri en ef það fer framúr áætlun þarf að flagga því. Mikilvægt er að halda vel utan um skjölun á verkefninu.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt, verkefnið verður greitt af rekstri.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir vörustjóra og stafrænan leiðtoga	EBB/HA	
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir Þróunarstjóra og skrifstofustjóra UTR	EBB/HA	

Aftur í efnisyfirlit

Microsoft 365 – Kynning vörustjóra

Þegar talað er um Microsoft svítuna þá er verið að vísa í heildarvöruframboð Microsoft 365. Vörunar bjóða starfsfólki upp á hagkvæmt og öruggt nútíma vinnuumhverfi þar sem einfaldleikinn ræður ríkjum og tæknin vinnur með fólki.

Stóra myndin – Hverjar hafa áherslurnar verið hingað til

M365 innleiðing

- Innleiðingu lauk í nóvember 2023.
- M365 komið í rekstur frá og með janúar 2024. Fyrsta varan sem fór í rekstur.
- Varan er komin í vörustýringu og gjaldskrá.
- Ósk um endur- og símenntun þvert á sviðin svarað.
- Vinna við ferla er varðar ný verkefni innan vörunnar er hafin. Þetta eru smærri verkefni sem þarfnast einhverskonar forritunar en ekki af þeirri gráðu að þau þurfi að fara fyrir verkefnaráð eða þurfi auka utanumhald, dæmi um slíkt verkefni er að koma verkefnaskrá þON í loftið.

- Sharepoint verkefnið var stöðvað þar sem það rúmaðist ekki innan rekstarsamnings eins og haldið var í upphafi. Vinna er hafin við þarfagreiningu og mun verkefnið koma á borð verkefnaráðs á þessu ári..

M365 svítan

- Vinna við verklag og verklagsreglur í Power BI.
- Vinna við að forma stuðning kennslu, vöktun, viðbragð og verklag.
- Námskeið og vinnustofur með Microsoft varðandi umhverfi PowerPlatform og fleira.
- Aukin notkun á sjálfvirkni í Power automate.
- Stöðugar umbætur - Áhersla á að ferlum og vinnulagi sé komið í Lists í stað excel og word skjala
- Nýta hugbúnað sem innifalinn er í leyfum í stað þess hugbúnaðar sem við erum að greiða aukalega fyrir.

Sýn, ferlar og fólk

- Vinna að heildrænni sýn varðandi nýtingu M365 hjá Reykjavíkurborg.
- Ferlar búnir til varðandi stuðning, vörustýringu, verkefni og smíðar.
- Samstarf með stafrænum leiðtogum við að hámarka notkun leyfa og þannig virði þeirra.
- Samráðshópur var stofnaður til þess að sameina þau sem koma að Microsoft á einhvern hátt - öryggi, rekstur, ský, on-prem, vörustýring.

Næstu skref

Copilot og Sharepoint

- Sharepoint verkefni boðið út. Samhliða verkefninu verður unnið að greiningu og kannað hversu tilbúið umhverfi borgarinnar er fyrir Co-pilot.
- Stefnumótun og innleiðing á Co-pilot. Byrjað verður á frumathugun á ákveðnum hluta Co-pilot fyrir skilgreindan hóp innan Reykjavíkurborgar.
- Lendingarsíða Reykjavíkur flutt yfir á Sharepoint.
- Upplýsingabrunnar á Sharepoint. Innri upplýsingar, skjöl, ferlar og vinnulýsingar sviða allar á einum stað.

Power svítan

- Setja upp verklag og verklagsreglur í Power Platform.
- Vinna við að forma stuðning kennslu, vöktun, viðbragð og verklag.
- Staðlað umhverfi fyrir sjálfvirkni og Power apps hugbúnað. Sett verður upp tilraunaþróunar- og raunumhverfi fyrir hvert svið.
- Sett upp notkunaráætlun og þjálfun einstaklinga á sviðunum sem geta séð um kennslu.
- Setja upp verkferil um hvaða leið verkefni eiga að koma til vörustjóra.

Sýn, ferlar og fólk

- Höldum áfram ítrun á heildrænni sýn nýtingu M365 hjá Reykjavíkurborg.
- Ítrun ferla varðandi stuðning, vörustýringu, verkefni og smíðar.
- Kempuþjálfun á lausnum M365 inn á sviðum borgarinnar.
- Stefnt er á að halda hakaþon inni í sviðum borgarinnar.
- Fræðsludagar.
- M365 messur.

Sigrar

- **Atvika og slysaskráningar Sundlauganna:** Ábati af verkefnum er meðal annars tímasparnaður starfsmanna, öryggi skráninga verður meira með rafrænu utanumhaldi og sjálfvirkum tilkynningum.
- **Tunnutalning:** Tunnutalning var rafræn í fyrsta skipti í Reykjavík. Tímasparnaður starfsfólks við þessa breytingu er 36 stundir fyrir hverja talningu.
- **Regluvörður:** Rafrænt að fullu leyti í fyrsta skipti. Tímasparnaður fyrir regluvörð og borgarfulltrúa að minnsta kosti klukkustund á hvern einstakling. Einnig hefur breytingin leitt til þess að aldrei hefur fleiri svörum verið skilað inn á réttum tíma.
- **Svæði og ferlar fyrir gagnaskil B-félaga:** Hefur leitt til þess að gögnum er skilað á réttum tíma og betri yfirsýn fyrir FAS.
- **M365 sett í gjaldskrá:** ÞON fær tekjur inn sem hægt er að nýta í þjónustu í stað þess að verkefnið sé á fjárfestingu.
- **Bókanir (e. bookings í M365):** Sparnaðurinn við það að nýta bókanir eru tæpar 100 þúsund krónur á ári fyrir hverja starfsemi sem notar kerfið Simply og fyrir utan kostnað við aukþjónustur.
- **Lóðaumsóknarkerfi (tímabundin lausn):** Sjálfvirkar áminningar settar upp með þeim tilgangi að koma í veg fyrir tekjutap og/eða sektir.
- **Handbók leikskólastjóra:** Skilvirkari leit, stjórnendum bætt við með grúppum. Tímasparnaður upp á um það bil klukkustund á hvern nýjan starfskraft. Einnig er hagræðing í dreifingu uppfærðs efnis en það sparast um 30 mínútur í vinnu á hverja breytingu.

Hindranir

- Skortur á höndum til að vinna verkefnum.
 - Vinna við uppsetningu ferla er varða ný verkefni í vinnslu.
- Þjónustugap í sértækri notendþjónustu við hugbúnað.
 - Samvinna og skipulag með UTR og Gagnaþjónustu er í gangi.

Umræður verkefnaráðs

Góð kynning og gaman að sjá verkefni sem hafa verið unnin. Áhugavert er að skoða áframhaldandi vinnu við Co-pilot og hvernig hægt er að nýta þá lausn hjá borginni. Hrós til vörustjóra fyrir gott utanumhald á vörunni.

Aftur í efnisyfirlit